

76

14. júlí

## S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Neskaupstað  
frá 7. febrúar 1929.

Við 3. gr. samþykktarinnar bætist:

Ennfremur skal öllum búðum lokað eigi síðar en kl. 4. s. d. á laugardögum yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst. 17. júní sé lokað allan daginn.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Neskaupstaðar samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1933.*

**Þorsteinn Briem.**

*Vigfús Einarsson.*

77

14. júlí

## R E G L U G E R Ð

um merking saltaðrar síldar, sem út er flutt frá Íslandi.

1. gr.

Á efri botn hvernar síldartunnu skal brenna eða mála nafnið *ÍSLAND*, og skal hæð stafanna vera 5 cm.

Fyrir ofan nafnið *ÍSLAND* skal mála tegundarheiti þeirrar síldar, sem í tunnunni er, og skal öll síld flokkuð í fjóra flokka sem hér segir:

- a. MATJES, þ. e. magadregin léttverkuð síld af vanalegri stærð.
- b. SALTSÍLD, þ. e. algeng saltsíld af vanalegri stærð.
- c. KRYDDSIÐL, þ. e. síld, sem krydd hefir verið notað í saman við saltið án tillits til þess hvort mikið eða lítið hefir verið notað af því.
- d. SÉRVERKUN, þ. e. öll önnur verkunarafbrigði, og skal sérverkunin tilgreind með einum bókstaf, fyrir ofan nafnið *SÉRVERKUN*, sem sýni í hverju sérverkunin er fólgin, enda sé þessa nánar getið í farmskírteini.

Fyrir neðan nafnið *ÍSLAND* skal mála einkennisstafi eða nafn útflytjanda, og þar fyrir neðan einkennisbókstafi lögsagnarumdæmis þess, sem síldin er flutt frá.

Hæð annarra bókstafa, en í nafninu *ÍSLAND*, skal vera 2,8 cm.

Sé um minni tunnur að ræða en háltunnur skulu bókstafir merkja þeirra, sem að ofan greinir, vera hlutfallslega minni.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari skal varða sektum frá 50—1000 kr. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 70, 19. júní 1933, um 77  
útflutning saltaðrar síldar, til þess að öðlast gildi þegar í stað. 14. júlí

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1933.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

Fyrirmynd að merkingu á síldartunnum.

